

Fundargerð aðalfundar 25. mars 2025

Haldinn í sal Hótelis Hallormsstaðar.

1. Formaður setur fundinn (20:50) og stingur upp á Bjarna Diðrik Sigurðssyni sem fundarstjóra og Sigríði Hrefna Pálsdóttur sem ritara - samþykkt. (37 mættir)
2. Fundarstjóri tekur við taumunum og kynnir eftirfarandi liði:
 - a. **Skýrsla formanns:** Stjórn félagsins (Brynjar, Johan, Sigga og Rakel) gefur skýrslu um störf á liðnu ári. Brynjar flutti - [sjá fyrir neðan fundargerðina](#)
 - b. **Nefndir og ráð félagsins gefa skýrslur um störf á liðnu ári**
 - i. **Orðanefnd** kynnir nefndarfólk (Páll, Þröstur, Jóhanna og Aðalsteinn) Frá síðasta aðalfundi hefur Þröstur aðeins unnið í því að lengja Exceltöflu sem var til fyrir frá Bjarna Diðrik. Hann vill gjarnan koma töflunni áfram innan nefndar
 - ii. **Námsmatsnefnd** kynnir nefndarfólk (Kári, Valgerður og Gústaf Jarl) Frá síðasta aðalfundi hafa tveir sótt um og fengið fulla aðild og 3 fengið aukaaðild.
 - iii. **Endurmenntunarnefnd** (sama fólk og er í stjórn) Brynjar sagði frá skógarveganámskeiðinu í pistli sínum um störf stjórnar. Skógarveganámskeið haldið. Iceforestnámskeið með LBHÍ fellt niður vegna veikinda aðal kennara. Borgarskógrækt með Aaron verður haldin við LBHÍ að nokkrum vikum liðnum
 - iv. **Ferðanefnd** (Hreinn, Johan, Valdimar og Arnlín) Johan: 28. sept var ferð um Norðurland - æðisleg ferð. Óskum eftir meiri þátttöku. Mikilvægt að skoða, óformleg og góð skoðanaskipti. Mjög fróðlegt, öðruvísi nálgun og mjög lærdómsrík fyrir alla.
 - c. **Reikningar stjórnar**, nefnda og sjóða með fjárumsvif lagðir fram til samþykktar. Johan kynnti reikning sem var samþykktur samhljóða ([sjá fyrir neðan](#))
 - d. **Árgjald ákveðið til eins árs**
 - i. (fráfarandi stjórn leggur til óbreytt árgjald - 4000 kr) Samþykkt óbreytt, enginn á móti óbreyttu gjaldi
 - e. **Laga- og reglugerðarbreytingar.**
 - i. Engin tillaga að lagabreytingu barst áður en boðað var til aðalfundar
 - f. **Stjórnarkjör.**
 - i. Samkvæmt 9. grein laga félagsins á að skipta út stjórn eftir 2 ára setu: *Kjörtími stjórnarfolks er tvö ár og skal öllum skipt út á sama tíma eftir tveggja ára stjórnarsetu. Einnig skal kjósa einn varamann í stjórn til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér hlutverkum formanns, ritara og gjaldkera.* Loftur Jónsson, Þórveig Jóhannsdóttir og Kári Freyr Lefever kosin í aðalstjórn Helgi Gíslason kosinn varamaður
 - g. **Kjörið í námsmatsnefnd og til annarra trúnaðarstarfa.**

- i. Orðanefndarfólk
Óbreytt orðanefnd
 - ii. Námsmatsnefnd - samkvæmt lögum félagsins á sá/sú sem setið hefur lengst að vika og kjósa nýja/n inn í staðinn. Valgerður hefur líklega setið lengst.
Gústaf og Kári áfram
Ellert Marísson kemur inn
Samþykkt
 - iii. Endurmenntunarnefndarfólk eru þau sem eru í aðalstjórn, nóg að kjósa aðalstjórn
 - iv. Ferðanefndarfólk gefur kost á sér áfram nema Valdi vill losna
Becky kemur inn - samþykkt
- h. **Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.** Arnlín áfram (Harpa vill losna)
Johan gefur kost á sér
samþykkt
- i. **Áætlun um störf næsta árs.**
- i. Ekki mikið um áætlanir þar sem nýtt fólk tekur við stjórnartaumum núna.
 - ii. **Ferðanefnd** kynnir hugmyndir að dagskrá fyrirhugaðrar Skotlandsferðar. Brynjar lagði fram dagskrá til kynningar. Ákveðið að hafa fljótlega kynningarfund á netinu svo hægt verði að spyrja spurninga.
- j. **Önnur mál**
- i. Ýmsar mögulegar ályktanir
 - 1. Til LOGS að gæta þess að rannsóknir og ráðgjöf um skógrækt sé unnin af skógfræðingum. Sjá [ályktun nr. 1](#) hér fyrir neðan.
Samþykkt
 - 2. Til Borgarstjórnar Reykjavíkur. Miklar umræður sköpuðust og ákveðið að erindið **ætti við öll sveitarfélög í landinu**. Orðalagi ályktunar breytt í samræmi við það. Einnig ákveðið að fela stjórn að fylgja ályktuninni eftir og sendi ábendingu á SÍS eða tillögu að fræðslu.
[Sjá ályktun nr. 2](#)
Samþykkt, enginn á móti.
 - 3. Til stjórnar félagsins. Að leiða greinaskrif með öðrum hagsmunaaðilum. Talsverðar umræður sköpuðust, áhersla á að fræða, vera málefnaleg og undir merki SFFÍ. [Sjá ályktun nr. 3](#)
Ályktun samþykkt- enginn á móti
Sent formlega á nýja stjórn 8. apríl 2025
 - 4. Til rektors Háskólans á Hólum - [sjá ályktun nr 4](#)
Miklar umræður.
Samþykkt af meirihluta að senda til rektors

- ii. Tvö hafa fallið af félagalistanum vegna vangoldinna félagsgjalda í 2 ár samfleytt og ekki brugðist við hvatningu um að tryggja félagsaðild. (lög félagsins: 4. liður 13. greinar)
- iii. Fjórir félagar verða sjálfkrafa heiðursfélagar þar sem 4. grein lagana kveður á um að eftirlaunaþegar breytist í heiðursfélaga.
 - 1. Guðmundur Rúnar Vífilsson
 - 2. Jón Loftsson
 - 3. Ólafur G. E. Sæmundsen
 - 4. Sæmundur Þorvaldsson
- iv. Einn skógfræðinemi með aukaaðild útskrifaðist sem skógfræðingur 2022. Hún hefur ekki enn sótt um félagsaðild og fellur af póstlista félagsins.
- v. Skotlandsferð - fráfarandi stjórn býður sig fram í að klára skipulag með ferðina. Tillaga um að nota fjármuni félagsins til að greiða fargjald og upphald Arnlíni.
Aðalfundur samþykki um að styrkja ferðina um 150.000 kr. Samþykkt.
- vi. Bjarni - Lbhí, Skógar Íslands mán eftir versló- verður í ár 2025.
 - k. Fundarstjóri gefur formanni orðið til að slíta fundi. Fundi slitið 22:50

Skýrsla stjórnar Skógfræðingafélags Íslands fyrir starfsárið 2024, flutt á aðalfundi haldinn á Hallormsstað 25. mars 2025

Starf stjórnar fór rólega af stað að loknum aðalfundi 2024 en alls voru haldnir 5 stjórnarfundir á nýliðnu starfsári.

Stjórn stóð fyrir þriggja daga námskeiði í samstarfi við LbhÍ í skógarvegagerð. Fredrik Lövenskiöld frá Noregi hélt fróðlega fyrirlestra og mjög flotta sýnikennslu í felti. Þrjátíu tóku þátt í námskeiðinu sem Johan Holst átti stóran þátt í að skipuleggja.

Þegar haustið nálgast var farið að undirbúa félagsferð um Norðurland laugardaginn 28. september. Fyrst á dagskránni var heimsókn í bændaskóg og skjólbelti í Hólsgerði í Eyjafirði ásamt því að skoða einkaskógrækt og klónasafn hjá Benna og fjölskyldu í Laugarengi við Torfufell. Næst voru skoðaðir s.k. landnemaskógrækt félaga í Skógræktarfélagi Eyjafjarðar undir leiðsögn Siggju Hrefnu þar sem m.a. hafði nýverið farið fram vélgrísjun í ágætlega fallegum lerkireit. Síðan var haldið í Vagli á Þelamörk sem er í umsjón Lands og skógar, og skoðaðar ýmsar tilraunir, álitleg skógarfura og grísjanir í lerkiskógum undir leiðsögn Rúnars. Um kvöldið var sameinast í grillmat á Vöglum í Fnjóskadal og spjallað fram eftir kvöldi. Þátttakendur voru um 15 manns.

Nokkuð var rætt um fræðslu og námskeiðsmál fyrir félaga og samkvæmt könnun var talsverður áhugi á námskeiði um síþekjuskógrækt, mögulega í samstarfi við LBHÍ. Þar á bæ var þegar búið að ákveða að hafa námskeið um Borgarskógrækt og notkun IceForest og þótti ekki tilefni til að bæta við fleiri námskeiðum á vorönn 2025. Úr varð að fá Aksel Granhus, sérfræðing frá Noregi til að vera með fræðslu um síþekjuskógrækt á Fagráðstefnu og eiginlegt námskeið um það efni biður betri tíma. Félagið hefur átt gott samstarf við LBHÍ um fagnámskeið og mikilvægt að því samstarfi verði haldið áfram til að efla og tryggja góðan aðgang skógfræðinga að endurmenntun.

Eitt af stærri málefum félagsins á starfsárinu var að viðhalda skipulagsvinnu við Skotlandsferð sem verður farin í fyrstu viku októbermánaðar 2025. Arnlín Óladóttir hefur séð um þá vinnu að mestu leyti en stjórnin komið með hugmyndir að efnistöðum inná milli. Fyrir liggur tímasett dagskrá sem enn er verið að fínþússa. Ferðin verður kynnt af Arnlínu á sérstökum fjarfundi fyrir alla félagsmenn fljótlega og skráning mun þá hefjast í kjölfarið.

Sigga Hrefna var fulltrúi Skógfræðingafélagsins við undirbúning Fagráðstefnu skógræktar. Ekki var sjálfgefið að hin nýja stofnun Land og skógur myndi leiða þann viðburð áfram inní framtíðina. Nú lítur út fyrir að Fagráðstefnan muni halda áfram með svipuðu sniði og undanfarin ár enda er þetta sá viðburður sem allir burðarásar skógræktar á Íslandi eiga sameiginlegan og standa saman að undirbúningi.

Það blés hressilega um málefni skógræktar á starfsárinu. Stærsta upphlaupið var í kringum jarðvinnslu vegna skógræktar í Saltvík og umræðan varð þvílík að erfitt reyndist að stíga inní hana til að eiga rökræðu og skynsamlegt samtal. Fámennur hópur virðist hafa tekið sig saman um að halda uppi reglulegum áróðri gegn skógrækt. Það liggur fyrir að Land og skógur mun ekki halda uppi vörnum fyrir skógrækt með sama hætti og Skógræktin gerði að einhverju leyti áður. Því þarf að finna nýja farvegi til að tala fyrir skógrækt og starfsvettvangi skógfræðinga til að fylla þetta tómarúm. Hér getur Skógfræðingafélag Íslands tekið sér hlutverk að leiða saman hagsmunaaðila í skógrækt til að kynna skógrækt fyrir almenningi og sveitarfélögum og vinna gegn falsfréttum með því að koma réttum upplýsingum á framfæri.

Til að vekja athygli á mikilvægi fagmennsku í skógrækt óskaði stjórnin eftir fundi með forstöðumanni Lands og skógar. Á fundinum var fylgt eftir bréfi sem útlistaði þekkingu skógfræðinga og mikilvægi þess að faglærðir skógfræðingar gerðu skógræktaráætlanir og leiðbeindu skógræktendum. Þá hafa Sigga Hrefna og Bjarni Diðrik sett saman veggspjald, til að kynna á Fagráðstefnu skógræktar, um skógfræðinga á Íslandi og félagsskap okkar sem nú er orðinn ríflega 20 ára gamalt.

Stjórnin ákvað að efna til félagsfundar til undirbúnings þessa aðalfundar og heyra skoðanir félagsmanna hvernig skógræktendur geta snúið fjölmiðlaumfjöllun úr vörn í sókn. Fjölmarginir sóttu fundinn og ræddar voru hugmyndir að ályktunum sem stjórn hefur unnið úr til að leggja fyrir aðalfundinn. Samstaða var um mikilvægi þess að fræða almenning um skógrækt með fjölbreyttum og skipulegum hætti og leiða umræðuna, frekar en að vera sífellt að bregðast við neikvæðri umfjöllun. Stjórnin var sammála um að svona félagsfundir væru mjög gagnlegir til ákvarðanatöku og ekki síður til að þjappa félögum saman og skapa samstöðu um málefni líðandi stundar. Með tækni nútímans er einfalt að halda félags-fjarfundi um einstök málefni eins oft og tilefni er til.

Sem fyrr hefur Sigga Hrefna séð til þess að upplýsingar, t.d. fundargerðir stjórnar, hafa borist til félagsmanna með skipulegum hætti, haldið utan um félagaskrá, tryggt örugga og góða skráningu á því sem fram hefur farið og síðast en ekki síst hvatt okkur hin í stjórninni áfram og fyrir það ber að þakka sérstaklega.

Ritað af Brynjari Skúlasyni 25/3 2025

Ársreikningur

Skógfræðingafélag Íslands				
Ársreikningur 2024				
Rekstrarreikningur				
Tekjur	Skýring	2024	2023	
Félagsgjöld	1	193,800	312,800	
Þáttakagjöld	2	60,000	55,000	
Innvextir		9,078	10,054	
Samtals tekjur		262,878	377,854	
Gjöld				
Fjármagnstekjuskattur		1,997	2,212	
Lén		6,795	6,293	
Vefsiða		8,900	9,900	
Veitingar	3	110,783	249,384	
Námskeiðskostnaðar	4	209,200	70,000	
Innheimtubjónusta		7,399	5,994	
Gjöld alls		345,074	343,783	
Efnahagsreikningur				
Eignir				
Viðskiptakröfur - Ógreidd félagsgjöld		10,200	27,200	
Eignir á reikningi 0302-26-001830		670,862	740,688	
Eignir alls		681,062	767,888	
Skuldir og eigið fé				
Eigið fé frá fyrra ári		740,688	722,387	
Rekstrarafkoma ársins		-82,196	34,071	
Skuldir		0	0	
Skuldir og eigið fé alls		658,492	756,458	
Gunnarslundur - Sjóður				
Arion Banki - Reikningur		838,335	794,510	
Skýringar				
1) 57 greiddi félagsgjöld				
2) 12 Þáttakendur í norðurlandsferð				
3) Veitingar aðalfundur Akureyri 43.786, Veitingar norðurlandsferð 66.997				
4) Kostnaðar varðandi Vegahönnunarnámskeið Fredrik Lövenskiöld				

Ályktun nr. 1

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands haldinn á Hallormsstað 25. mars 2025 beinir því til forstjóra og stjórnenda Lands og skógar að gæta þess að ráðgjöf og rannsóknir á vegum stofnunarinnar sem snúa að skógrækt sérstaklega séu unnin af skógfræðingum.

Greinargerð: Skógfræðinám byggir á almennum náttúrufræðigrunni þar sem almennar raungreinar, vistfræði og náttúrufræði eru hluti af náminu. Þar ofaná bætist kortlagning gróðurs, þekking á kortakerfum og þekking á trjátegundum fyrir Íslenskar aðstæður sem er nauðsynleg við gerð skógræktaráætlana. Þá er undirbúningur skógræktar, umhirða í ungskógi, slóðagerð og grisjun stór partur af náminu. Skógrækt er tiltölulega ný búgrein á Íslandi og styðst ekki við margra alda reynslu og þekkingu landeigenda og bænda eins og aðrar eldri búgreinar gera. Því er mikilvægt að mótun greinarinnar sé í höndum fagfólks sem hefur hlotið skógfræðimenntun.

Ályktun nr. 2

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands haldinn á Hallormsstað 25. mars 2025 beinir þeirri ábendingu til sveitarstjórna í landinu að græn svæði í þéttbýli eru mikilvæg fyrir lýðheilsu fólks og vill jafnframt minna á mikilvægi þess að sveitarfélög nýti sér sérþekkingu skógfræðinga til að styðja við uppbyggingu grænna svæða í þéttbýli. Skógfræðingafélag Íslands lýsir sig hér með tilbúið til að ræða við og fræða sveitarstjórnir og þá sem fara með umhverfismál hjá sveitarfélögum um uppbyggingu og umhirðu skógarsvæða í og við þéttbýli íbúum til heilla.

Ályktun nr. 3

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands haldinn á Hallormsstað 25. mars 2025 beinir því til stjórnar félagsins að leiða vinnu við greinaskrif og fræðslu í samstarfi við aðra hagsmunaaðila í skógrækt með það að markmiði að koma upplýsingum og fræðslu um skógrækt til almennings með skipulegum og reglubundnum hætti og draga þannig úr upplýsingaóreiðu um þetta mikilvæga málefni.

Ályktun nr. 4

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands haldinn á Hallormsstað 25. mars 2025 kemur hér með á framfæri til rektors Háskólans á Hólum alvarlegum athugasemdum við ummæli Önnu Guðrúnar Þórhallsdóttur, prófessors við Háskólans á Hólum, um skógrækt. Fundurinn telur að prófessor skólans hafi brotið gegn siðareglum Háskólans á Hólum í viðtali á RÚV 18. ágúst 2024 og aftur í viðtali á RÚV 2. febrúar 2025 með ummælum sínum og fullyrðingum um skógrækt.

Greinargerð:

Hér á landi ríkir mikið og almennt traust til vísinda og vísindamanna. Einkum eru háskólakennarar með vísindabekkingu og prófessorsnafnbót hafðir í hávegum í opinberri umræðu - sem óháðir álitsgjafar. Það er mikilvægt að háskólakennarar virði almenn lög málm vísinda í opinberri umræðu og forðist hlutdrægni. Annað rýrir trúverðugleika stéttarinnar allrar gagnvart almenningi og skapar vantraust í samfélaginu á þeirri stofnun sem viðkomandi starfar fyrir.

Skógfræðingafélag Íslands lýsir sig reiðubúið til samtals við Háskólann á Hólum um skógræktarmál með það að markmiði að upplýsa og fræða um málefni skógræktar og byggja upp gagnkvæman skilning og traust. Það er von félagsmanna að ekki þurfi að koma til róttækari aðgerða af hálfu félagsins til varnar skógræktarstarfi á Íslandi gagnvart ómálefnalegum áróðri af hálfu umrædds prófessors Háskólans á Hólum. Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands skorar á rektor Háskólans á Hólum að meta ofangreind viðtöl og gera ráðstafanir til að slíkt endurtaki sig ekki.

Tengill á umrædd viðtöl:

Lággróður betri en skógur til kolefnisbindingar sé horft til lengri tíma. Viðtal RÚV við Önnu Guðrúnu Þórhallsdóttur 18. ágúst 2024.

<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2024-08-18-laggroður-betri-en-skogur-til-kolefnisbindingar-se-horft-til-lengri-tima-419743>

Kolefnisbinding mun meiri í beitolandi en skógi. Viðtal RÚV við Önnu Guðrúnu Þórhallsdóttur 2. febrúar 2025.

<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2025-02-02-kolefnisbinding-mun-meiri-i-beitolandi-en-skogi-434837>